

Mál nr. 221/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Ágreiningur um orsakatengsl milli umferðaróhapps og líkamstjóns.****Gögn.**

Málskot, móttækið 26.5.2021 ásamt fylgigögnum.
Bréf V, móttækið dags. 5.7.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið þann 20. apríl 2020 þegar M var farþegi í strætó á leið nr. 2 sem stöðvaði skyndilega með þeim afleiðingum að M skaust til í sætinu og skallaði með andlitið og höfuð í sætin. Við höggið eyðilögðust gleraugu M. Í málinu liggur annars vegar fyrir myndskeið sem sýnir tjónið og hins vegar staðfesting vagnstjóra X þess efnis að hann hafi þurft að nauðhemla þar sem ökutæki á undan hafi tekið af stað á ljósum en síðan snarstoppað aftur. M leitaði á Læknavaktina samdægurs og segir í læknisvottorði að M sé rauð og aum yfir kinnbeini auk þess sem M er greind með hálstögnun.

M telur að um sé að ræða bótaskyld atvik sem falli undir ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V og sé til þess fallið að valda M varanlegu líkamstjóni. Fyrir liggi læknisfræðileg gögn sem renni stoðum undir að svo kunni að vera.

V telur með öllu ósannað að slysið hafi valdið málskostsaðila varanlegum afleiðingum og því er hafnað að fyrirliggjandi gögn renni stoðum undir að svo kunni að vera. Þannig sé það, að mati V, ómögulegt að M hafi orðið fyrir varanlegum líkamstjóni í kjölfar atburðarins. V telur því ekki skilyrði til bótaréttar úr lögboðinni ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst af myndbandsupptöku að M var farþegi í strætisvagni sem snarhemlaði með þeim afleiðingum að M skallaði fyrir í sætið fyrir framan sig og svo aftur í höfuðpúða í sætinu sem hún sat í. Þá liggur fyrir að hún leitaði samdægurs til læknis og samkvæmt læknisvottorði var hún rauð og aum og greindist með hálstögnun. Þó ekki liggi fyrir upplýsingar um umfang líkamstjóns M verður að telja sannað að hún hafi orðið fyrir einhverju slíku tjóni við ofangreint atvik og er því tjón hennar bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V að því marki sem henni tekst að sýna fram á umfang slíks tjóns.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.